

Mál nr. 14/2007

M og V-1

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þ. 16.4.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.1.2007 ásamt bréfi dags. 10.1.2006.
2. Bréf V-1 dags. 31.1.2006 ásamt fylgiskjölum 1-13
3. Læknisvottorð dags. 28.8.2006 og læknabréf dags. 23.1.2006.

Málsatvik.

M byggir á því að hann hafi orðið fyrir heilaskaða við vinnu sína þ.16.4.2001 og sé það tjón sem er afleiðing þess þ.e. heilaskaði, bótaskyldar úr tryggingu sem hann er með hjá V-1. V-1 hafnar bótakröfu M og heldur því fram að heilaskaði sé ekki eitt af bótasviðum þeirrar tryggingar sem M er með hjá V-1. og hafnar félagið bótaskyldu með vísan til 3. og 5. gr. vátryggingarskilmála. Í lýsingu í læknisvottorði þ.28.8.2006 kemur fram með svipuðum hætti og í öðrum læknisfræðilegum gögnum sem lögð eru fram í málinu að M hafi fengið heilaskaða við líkamsárás þ. 16.4.2001 sem hafi haft ýmsar afleiðingar m.a. skerta vinnugetu auk ýmiss annars sem nefnt er.

Álit.

Fallist er á það með V-1 að bótaskylda sé ekki fyrir hendi með vísan til 3. gr. vátryggingarskilmála aðila og fyrirbyggjandi læknisfræðilegra gagna sem lögð hafa verið fram í málinu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík. 27.2. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.